

VS Danska 9. bekkur 2021-2022

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

Lýsing

Sameiginleg lota fyrir 9. og 10. bekk skólaárið 2021-2022. Unnið verður markvisst með það efni sem standa þarf skil á vorið 2022.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Unnið verður með grunnbókina Tak ásamt vinnubók. Einnig verður notast við bókina Dejlige Danmark sem leggur áherslu á að kynna nemendum Danmörku, Kaupmannahöfn og hið daglega danska líf. Horft verður á danskar kvikmyndir sem styðja þá þekkingu sem nemendur afla sér úr námsbókunum - auk þess sem notast verður við efni sem kennari gaukar að nemendum.

Námsmat

Símat - verkefni metin til einkunnar. Vinnuframlag í kennslustundum og virkni í tímum (t.d. í töluðu máli).

Kaflapróf úr efni sem sérstök áhersla er á að nemendur leggi á minnið.

Stuðst verður við smáforrit eins og Duolingo, Quizlet ofl. til að auðvelda nemendum að tileinka sér efnið.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022

- **Framvinda**
- Hæfnieinkunn (tákn)
- **Samantekt**

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Frásögn

- Sagt hnökralítið, með nokkuð réttum framburði, frá efni sem hann þekkir.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.

- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

VS Danska 9.bekkur 2021-2022 - Náms hæfni

- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

NÁMSEFNI/GÖGN



Tak

Tak lesbók

(<https://mms.is/namsefni/tak-grunnbok-rafbok>)